

Nd.

156. Nefndarálit

[75. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Undirritaður minni hl. nefndarinnar mælir með því, að 1. gr. frv. verði samþykkt. Þar eru fyrir mæli um, að tekjufrádráttur hjá sjómönnum við skattálagningu skuli gerður viðtækari en nú er.

Öðru máli gegnir um 2. grein frv. Þar eru ákvæði um, að við mat á fasteignum, öðrum en bújörðum til eignarskatts, skuli bæta 800% ofan á núgildandi fasteignamat, en 350% á fasteignamat jarða. Við erum andvígir þessum fyrir mælum og leggjum því til, að 2. gr. verði numin burt úr frv.

Nú er fasteignamat í kaupstöðum og kauptúnum hækkað um 500%, þegar eignarskattur er á lagður, og við teljum ekki rétt að auka þær álögur, svo sem gert er ráð fyrir í frv. Viljum við í því sambandi m. a. benda á eftirfarandi:

Við teljum ósanngjarnt að bæta slíkum álögum á almenning, sem nú verður að taka á sig þungar klyfjar vegna gengisbreytingarinnar.

Ríkissjóður fær mjög auknar tekjur, í sambandi við gengislækkun krónunnar, og er því ástæðulaust að hækka skatta.

Núgildandi fasteignamat er mjög ótraustur grundvöllur undir skattálagningu.

Við teljum ranglátt að hækka fasteignamatið við álagningu eignarskatts hlutfallslega jafnmikið í öllum kaupstöðum og kauptúnum, þar sem gangverð á þeim eignum er ákaflega misjafnt í hlutfalli við fasteignamat.

Viða um land eru jarðir ekki seljanlegar fyrir fasteignamatsverð með 350% álagi, eins og frv. gerir ráð fyrir að þær verði metnar til eignarskatts.

Loks skal tekið fram, að ef fært og sanngjarnt þykir að leggja aukna skatta á fasteignir, teljum við, að sveitarfélögin eigi að njóta þess.

Geti hv. þingdeild ekki fallizt á þá tillögu okkar að fella 2. gr. úr frv., munum við héra fram brtt. við 3. umr. frv. um neðangreind atriði:

Álagið á fasteignamatið, við útreikning á eignarskatti, verði lækkað í fámennari kaupstöðum, kauptúnum og sveitum.

Skattfrjáls eign verði hækkuð frá því, sem er í 3. gr. frv.

Ákvæði 2. gr. gildi aðeins þar til nýtt fasteignamat tekur gildi. Fasteignamat er búið að vera lengi í smíðum, og er þess að vænta, að því verði lokið innan skamms. En í frv. vantar fyrir mæli um, að margföldun fasteignamatsins skuli niður falla, um leið og nýja matið kemur í gildi.

Samkv. framansögðu er það tillaga okkar, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin falli burt.

Alþingi, 15. des. 1967.

Skúli Guðmundsson,
frsm.

Lúðvík Jósefsson.

Vilhjálmur Hjálmarsson.